

125. löggjafarþing 1999–2000.
Þskj. 569 — 319. mál.

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um starfsemi öldrunarstofnana og hjúkrunarheimila.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

1. Hver er fjöldi vistrýma á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimilum sem fá framlög úr ríkissjóði, skipt eftir stofnunum í hverju kjördæmi?
2. Hvert er daggjald fyrir dvalarrými, hjúkrunarrými og dagvist hjá hverri stofnun?
3. Hver er áætluð þörf fyrir dvalarrými og hjúkrunarrými, skipt eftir kjördæmum?

Skriflegt svar óskast.